


Úrgangur frá verkstöðum PG Verks 2023, janúar - apríl.

Stutt samantekt um meðhöndlun úrgangs janúar-apríl 2023 og samanburður við fyrri ár.

1. Þróun flokkunarhlutfalls og endurnýtingar hlutfalls frá 2019.

Eins og farið var yfir á starfsmannadegi fyrir skemmstu þá var bakslag í flokkunar og endurnýtingarhlutfalli árið 2022.

Flokkunarhlutfall fyrstu 4 mánuði 2023 er á pari við árið 2022 en hlutfall endurnýtingar lækkar enn.



Megin ástæðan er að flokkurinn Grófur úrgangur er að stækka hjá okkur en hann er ekki endurnýttur. Um er að ræða alls konar brot og steinefni sem í er blandaður úrgangur sem veldur því að þetta fellur ekki undir flokkinn Steinefni. Þetta er t.d. hættan á síðari stigum framkvæmda þegar verið er að hreinsa út úr byggingum og í kring. Sjá hér dæmi um slíkan gám. (Geri ráð fyrir að þessi doka plata hafi nú ekki farið með 😊)



2. Úrgangur og þróun eftir helstu verkstöðum: Magn, flokkunar- og endurnýtingar hlutfall.

Verkstaður	2021			2022			2023 jan-apríl		
	Tonn	Flokkað	Endurn.	Tonn	Flokkað	Endurn.	Tonn	Flokkað	Endurn.
Lágmúli og spilliefni				2	98%	79%	0,5	100%	31%
Tónahvarf				11	94%	94%	9	92%	92%
Grímsgata							6	92%	92%
Skútahraun (Lager)	48	88%	87%	18	73%	73%	6	85%	85%
Urðarhvarf	39	76%	25%	48	75%	37%	11	84%	8%
Asparskógar				3	61%	61%	21	81%	14%
Koparhella				41	65%	58%	18	80%	80%
Alþingi	102	91%	89%	206	83%	77%	83	79%	71%
Vogabyggð	392	75%	68%	585	66%	52%	124	78%	44%
Urriðaholtsskóli				2	39%	0%	25	77%	64%
Mariúgata	134	57%	51%	202	63%	54%	65	75%	59%
Sunnusmári	24	88%	88%	153	67%	63%	86	73%	62%
Sólhs., Núpsv, Hvefisfl.	12	100%	100%	99	99%	99%	6	71%	71%
Stekkjaskóli	18	85%	85%	123	88%	65%	39	37%	37%
Samt. og vegin hlutföll	1408	80%	73%	1493	73%	61%	499,5	74%	55%

Verkstaðir sem eru með mjög lítinn úrgang (nokkur tonn) eru varla marktækir þar sem um eina tilfallandi losun getur verið að ræða. Stórir verkstaðir með mikla förgun hafa mesta vægið með heildarniðurstöðu flokkunar.

Endurnýtingar hlutfall er alltaf lægra en flokkunarhlutfall og getur verið töluvert lægra ef stór hluti fer t.d. í flokkinn Grófur úrgangur.

3. Magn úrgangs eftir flokkum, endurnýtingar hlutfall og kostnaður.

Úrgangslýsing	2022 Allt árið					2023 jan - apríl				
	2022 Heild Magn í Kg	Hlutfall endurn.	kr/kg	Kostn. án fl.kostn.	Hlf.	2023 Jan-apríl Magn í Kg	Hlutfall endurn.	kr/kg	Kostn. án fl.kostn.	Hlf.
Hreint timbur	450.096	100%	23,1	2.701.027 kr	7%	157.910	100%	24,0	1.226.805 kr	8%
Steinefni	244.770	100%	5,2	1.271.727 kr	3%	73.080	100%	5,5	398.724 kr	3%
Járn	202.660	100%	0	- kr	0%	47.940	100%	0	- kr	0%
Gífs	40.750	0%	5,2	211.721 kr	1%	7.960	0%	5,5	43.430 kr	0%
Málað/plasth. timbur	7.900	0%	27,4	216.590 kr	1%	12.540	0%	29,1	364.327 kr	2%
Pappír og bylgjuappi	10.643	100%	0	- kr	0%	5.930	100%	0	- kr	0%
Plast	2.720	100%	68,7	186.954 kr	0%	1.060	100%	68,7	72.857 kr	0%
Grófur úrgangur	123.020	0%	55,8	6.867.567 kr	18%	66.170	0%	57,7	3.821.106 kr	24%
Lífrænn úrgangur	140	100%	23,8	3.326 kr	0%	-	100%	28,7	- kr	0%
Spilliefni (rafhl o.fl.)	994	53%	0,0	- kr	0%	240	2%	0,0	- kr	0%
	1.083.693			11.458.912 kr	30%	372.830			5.927.249 kr	38%
Óflokkaður úrgangur	240.680	0%	73,3	17.640.978 kr	46%	128.720	0%	76,1	9.793.841 kr	62%
Almennur heimilisúrg.	169.300	1,7%	53,5	9.054.367 kr	24%		0%	57,7	- kr	0%
	409.980			26.695.345 kr	70%	128.720			9.793.841 kr	62%
	1.493.673			38.154.257 kr	100%	501.550			15.721.090 kr	100%
			Meðalkostn per kg	25,5 kr				Meðalkostn per kg	31,3 kr	
			Breyting frá 2021	61%				Breyting frá 2022	23%	

Hér sjáum við magn eftir úrgangsflokkum ásamt kostnaði og hlutföll.

Gífurlegur verðmunur er á flokkum úrgangs og endurspeglar verð hvers flokks nokkuð kolefnislosun hans.

Svo áfram séu t.d. bornir saman flokkarnir Steinefni og Grófur úrgangur þá er Grófur úrgangur 10 sinnum dýrari en Steinefni í förgun.

Grófur úrgangur er ekki endurnýttur eins og Steinefni og kolefnislosun Grófs úrgangs er 450, (já fjögurhundruð og fimmtíu) sinnum meiri. Slíkt hefur gífurleg áhrif á kolefnislosun í Sjálfbærniuppjöri fyrirtækisins.

Meðalverð hvers kg úrgangs heldur áfram að hækka hjá okkur, bæði vegna verðhækkana en aðallega vegna lakari flokkunar. Vegið meðalverð hvers kíló hækkar úr 25,5 kr. í 31,3 kr. sem er 23% hækkun.

Eins og flestum ætti að vera ljóst eru í farvatninu breytingar á flokkunarreglum fyrir heimilin í landinu og sama á eftir að fylgja eftir fyrir fyrirtæki. Áskoranirnar eiga því bara eftir að aukast og við þurfum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að takast á við þær.

Bergur Helgason Gæða- og öryggisstjóri.